

DESEMBER 2021

Desemberfréttabréf

GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR

*Gleðilega
aðventu*

Hornafjörður er kominn í jólabúning og sannkölluð hátíðarstemning að sjá jólaljós í bænum og fallega skreytt tré og garða.

Það er gaman að gera sér glaðan dag í desember og í Grunnskólanum eru komin upp hin árlegu jólaviðburðadagatöl.

Þar eru jólafatadagar, skreytingadagar, jólasöngstundir, spurningakeppnir, jólakortagerð, jólasveinadagur, æfingar fyrir jólaskemmtanir og samþætt verkefni við jólapema svo eitthvað sé nefnt.

Að auki verðum við með fræðslu um brunavarnir og rýmingaræfingar Grunnskólans.

Aðventudagskrá Grunnskóla Hornafjarðar

Hafnarskóli / Heppuskóli / Allir

1. desember-Fullveldisdagurinn: Spariföt, Brunavarnir 3. Bekk / Spariföt.

2. desember: Stofuskreytingar, Jólaupplestur / Spurningakeppni.

3. desember: Stofuskreytingar, / Jólasöngur / Gunnar Helgason les

6. desember: Jólasöngur, -kort og-smíðjur / Spiladagur

7. desember: Jólasöngur, / Smákökur og spurningakeppni

8. desember: Jólasveinadagur; jólapeysu, -búningur, -húfur eða annað

9. desember: Jólasöngur / Hurðaskreytingar metnar, spurningakeppni

10. desember. Jólasveinar í glugga, Rýmingaræfing / Náttfatadagur

13. desember: Jólasöngur / Jólakort, spurningakeppni.

14. desember: Jólasöngur

15. desember: Dagur nýttur til að klára jólaundirbúning / Rýmingaræfing

16. desember: Jólakort send, Æfingar í Sindrab / Hurðaskreyting-úrlit

17. desember: Jólasveinadagur; -peysur, búningar, -húfur, annað

20. des:(frá klukkan 8.10 - 11:10): Stofujól og jólaball / Stofujól og Jólábíó

Gleðilega hátíð!



4. janúar 2022: Kennsla hefst samkvæmt stundartöflu.

ÞAÐ ER KÁTÍNA OG TILHLÖKKUN SEM FYLGIR AÐVENTUNNI EN OFT FYLGIR ÞAR EINNIG SPENNINGUR SEM GETUR LAGST MISMUNANDI Í BÖRN OG FULLORÐNA.

ÞVÍ ER EINNIG MIKILVÆGT AÐ LEGGJA ÁHERSLU Á GÓÐA HVÍLD, RÓ OG NÆÐI OG JAFNVEL GOTT SPJALL.

ÞAR ER EINNA MIKILVÆGASTUR GÓÐUR SVEFN.

GÓÐAR SAMVERUSTUNDIR ERU LÍKA GULLS ÍGILDI OG ÞAÐ ALLRA BESTA SEM HÁTÍÐARNAR BJÓÐA UPP Á.

NJÓTUM AÐVENTUNNAR SAMAN.

Stuðlum að betri svefni með góðum svefnvenjum

Góður svefn er nauðsynlegur til að geta tekist á við viðfangsefni dagsins.



Svefn hefur m.a. jákvæð áhrif á ónæmiskerfið, einbeitingu, námsgetu og er nauðsynlegur fyrir vöxt og þroska barna.



Komum okkur upp góðum svefnvenjum til að ná ráðlögðum svefni miðað við aldur.



Heimsókn frá rithöfundi í desember

GUNNAR HELGASON HEIMSÆKIR GRUNNSKÓLANN



Gunnar Helgason rithöfundur kom í heimsókn til okkar í Grunnskólann og var gríðarlega vel tekið af nemendum, enda hefur hann alltaf orð á því hvað sé einstaklega gaman að heimsækja krakkana hér á Höfn. Hann hitti nemendur í 1. – 8. bekk og fór yfir mikilvægi lesturs, sagði frá sjálfum sér sem rithöfundi og las upp úr nýjustu bók sinni, **Bannað að eyðileggja**, sem hefur hlotið frábæra dóma og er sögð vera skemmtileg fyrir börn á öllum aldri, s.s. börn og fullorðna.

Í tilefni þessa voru bækur Gunnars á skólabókasöfnum settar í sýnihillur og greinilegt að nemendur hafa áhuga á að lesa bækurnar hans.

Við þökkum Gunnari Helgasyni fyrir skemmtilega stund sem oft og hlökkum til að sjá hann sem fyrst aftur.

